



## OECD-FAO – Horfur í landbúnaði 2010

Útdráttur á íslensku

### Horfur í stuttu máli

Á undanförunum árum hefur landbúnaður orðið fyrir ýmsum alvarlegum áföllum. Má þar nefna hátt olíuverð, hækkunir á hrávöruverði, áhyggjur af matvælaöryggi og viðskiptahömlur af þeim völdum, svo ekki sé minnst á mestu efnahagskreppu í heiminum síðan á fjórða áratug síðustu aldar. Þetta hefur komið verst niður á fátæku fólki, sér í lagi í þróunarríkjum, og er talið að fjöldi hungraðra í heiminum sé nú yfir 1 milljarður manns. Landbúnaður hefur þó sýnt mikinn viðnámsþrótt, einkum í OECD löndum, með öflugum framboðsviðbrögðum við háu verði og áframhaldandi eftirspurnarvexti í kreppunni, þótt úr honum hafi dregið. Á árinu 2010 hefur verið að komast á eðlilegra ástand á mörgum mörkuðum. Framleiðsla hefur færst nær sögulegu jafnvægi en áður og eftirspurn fer batnandi. Þó hafa mörg ríki enn áhyggjur af því að umtalsverð áföll geti aftur átt sér stað hvað varðar ýmsa lykilþætti, s.s. orkuverð, gengi gjaldmiðla og/eða þjóðhagslega afkomu mikilvægra landa og svæða, sem gætu leitt til markaðsóróa.

Hið þjóðhagfræðilega umhverfi sem spánnar um þróun hrávörumarkaðar byggja á er jákvæðara en í spánni fyrir árið 2009. Þetta endurspeglar þann alþjóðlega efnahagsbata sem hófst síðla árs 2009 og hægfara umsnúning yfir í sjálfbæran hagvöxt með lítilli verðbólgu þegar fram í sækir. Svo virðist sem hraði efnahagsbatans sé tvískiptur eftir landsvæðum. Hann einkennist af veikum og hikandi hagvexti sem og miklu atvinnuleysi í mörgum OECD-löndum en öflugri hagvexti og skjótari bata í stærri þróunarlöndum, sem breiðist smám saman út til annarra þróunarlanda og stuðlar að auknum hagvexti á heimsvísu. Orkuverð er aftur orðið hátt og er gert ráð fyrir að svo verði áfram á spátímabilinu. Frekari hækkun olíuverðs gæti aukið aðfanga- og framleiðslukostnað, sem myndi hafa áhrif á birgðir af jurtaafurðum, verð og viðskiptaflæði og auka eftirspurn á hráefni í lífeldsneyti.

Verð á búvörum endurspeglar hækkandi kostnað í landbúnaði, einkum á svæðum þar sem orkuþörf starfseminnar er mikil. Gert er ráð fyrir því að landbúnaðarframleiðsla aukist hægar á heimsvísu næsta áratuginn en áratuginn á undan. Komi hins vegar ekki til óvæntra áfalla ætti framleiðsluvöxtur að halda í við áætlaða þörf til lengri tíma litið, þ.e. 70% aukningu í matvælaframleiðslu á heimsvísu til ársins 2050. Miðað við höfðatölu hefur reynst erfitt að auka framleiðslu í minnst þróuðu ríkjunum í samræmi við öra fólksfjölgun. Rómanska Ameríka, Austur-Evrópa og, að minna marki, ákveðin lönd í Asíu munu leiða vöxt atvinnugreinarinnar á heimsvísu.

Áætlað er að meðalverð þeirra jurtaafurða sem spá þessi nær til verði næstu 10 árin herra en á áratugnum áður en hámarki var náð 2007/08, bæði að nafnvirði og raunvirði (að teknu tilliti til verðbólgu). Búist er við að meðalverð á hveiti og grófu korni verði 15-40% herra að raunvirði en á tímabilinu 1997-2006 og að raunverð jurtaolíu verði yfir 40% herra. Þá er gert ráð fyrir því að heimsmarkaðsverð á sykri fram til ársins 2019 verði yfir meðaltali undanfarinn áratug en þó vel undir því 29 ára hámarki sem var náð í árslok 2009.

Að því er varðar búfjárafurðir er gert ráð fyrir því að meðalraunverð á kjöti öðru en svínakjöti verði á komandi áratug herra en á tímabilinu 1997-2006, fyrst í stað vegna minna framboðs, herra fóðurverðs og aukinnar eftirspurnar.

Raunverð á svínakjöti ætti að haldast nokkuð í skefjum vegna aukins framboðs frá Brasilíu og Kína. Efnahagsbatinn mun leiða til meiri neyslu á kjöti samanborið við kornvörur, sér í lagi í þróunarlöndum, og verður mesta aukningin í ódýrari kjötvörum – alifuglum og svínakjöti – frekar en nautakjöti. Áætlað er að meðalverð mjólkurafurða verði 16-45% hærra á tímabilinu 2010-19 en 1997-2006 og að smjör muni hækka mest vegna rísandi verðs á orku og jurtaolíu.

Markaðir fyrir lífildsneyti eru mjög háðir framtaki og umboði ríkisstjórna en horfur eru enn óvissar vegna ófyrirsjáanlegra þátta, svo sem verðþróunar á hráolíu í framtíðinni, breyttra stefnumiða og þróunar á annarrar kynslóðar tækni. Áframhaldandi aukning í framleiðslu lífildsneytis til að mæta heimilaðri notkun mun auka eftirspurn á hveiti, grófu korni, jurtaolíu og sykri sem notaður er sem hráefni.

Þróunarlönd verða helsti vaxtarbroddurinn í landbúnaðarframleiðslu og -viðskiptum sem og neyslu á búvörum. Eftirspurn frá þróunarlöndum fer vaxandi vegna hækkandi tekna á mann og þéttbýlismyndunar ásamt fólksfjölgun, sem er enn næstum tvöfalt meiri en á OECD-svæðinu. Eftir því sem tekjur aukast er búist við því að mataræði verði smám saman fjölbreyttara, bein neysla á undirstöðum matvöru minnki en neysla á kjöti og unninni matvöru aukist, búfjár- og mjólkurafurðum í vil. Með aukinni velmegun og stækkandi miðstétt ætti neysla matvæla í þessum löndum að verða óháðari verðbreytingum og breytingum á tekjum, rétt eins og nú í OECD-löndum. Þetta felur í sér að verð og tekjur þurfi að breytast meira til að neysla breytist af völdum ófyrirséðra áfalla.

Spáð er að inn- og útflutningur á næstum öllum hrávörum muni vaxa meira í þróunarlöndum en á OECD-svæðinu og að einungis útflutningur á unnum próteinmatvörum muni aukast hraðar á OECD-svæðinu þegar kemur að árinu 2019. Stærri hlutdeild þróunarlanda í viðskiptum endurspeglast í vaxandi innbyrðis viðskiptum milli þeirra, auk viðskipta við þróuð lönd. Samt sem áður verða OECD-lönd enn ráðandi í útflutningi árið 2019 á hveiti (með 52% hlutdeild), grófu hveiti (59%), svínakjöti (80%), smjöri (80%), osti (63%), nýmjólkurdufti (66%) og léttmjólkurdufti (74%). Sama ár verða þróunarlönd með ráðandi markaðshlutdeild í útflutningi á: hrísgrjónum (88%), olíufræjum (56%), próteinvörum (80%), jurtaolíum (91%), sykri (90%), nautakjöti (57%) og alifuglakjöti (63%).

Matarverð hélt hátt eða tregbreytilegt í mörgum löndum í langan tíma eftir að verð á önnurum hrávörum féll eftir verðhækkunirnar á árunum 2007/08. Árið 2009 dró talsvert úr þætti verðhækkana á mat í verðbólgu miðað við árið 2008, sérstaklega í OECD-löndum, en þessi þáttur er enn umtalsverður í sumum þróunar- og nýmarkaðslöndum.

Frá verðhækkununum árin 2006-08 hafa skammtímaverðsveiflur aukast talsvert. Ekki eru ótvíræðar vísbendingar um hvort og hvernig verðflökt hafi breyst til langs tíma hvað varðar helstu matjurtaafurðir sem spá þessi tekur til. Hins vegar er ljóst að það að hvaða marki heimsmarkaðsverð hefur áhrif á heimamarkaði er talsvert mismunandi milli landa og fer eftir því hversu samþættir markaðir eru. Landamæraaðgerðir, verðstuðningur á heimamörkuðum og breistir í innviðum geta hindrað áhrif heimsmarkaðsverðs á heimamarkaði.

Þessi spá um tiltölulega stöðugt verðlag gerir ráð fyrir „eðlilegum“ aðstæðum. Óvissa um veðurfar, þjóðhagslega þætti, breytingar á stefnumiðum og sér í lagi orkuverð felur í sér að hrávöruverð verði áfram ófyrirsjáanlegt. Mörg ríki hafa áhyggjur af verðflökti jafnvel í bráð, enda ógnar það bæði stöðu landbúnaðar (lágt verð) og matvælaöryggi (hátt verð). Mikil óvissa hefur einnig áhrif á fjárfestingarákvarðanir. Íhuga þarf ýmsa stefnukosti á bæði lands- og alþjóðavísu.

Ríki geta stutt við áhættustýringu bænda með því að beina sjónum sínum að þeim ófyrirsjáanlegu og óumflýjanlegu áhættuþáttum sem kunna að vera fátíðir en geta haft miklar afleiðingar og bændum er ókleift að stýra sjálfir. Ríki geta einnig gert bændum kleift að stýra sjálfir rekstraráhættu sinni og skapað umgjörð fyrir góða áhættustýringu, þ.m.t. með því að koma á skilvirkum mörkuðum og skapa ekki hvata til rentusóknar í formi sérstaks stuðnings eða aðstoðar.

Birgðahald á lands- og staðarvísu á helstu hrávöru til notkunar í matvælaneyð, sér í lagi í lágtekjulöndum sem flytja inn mat, kann að auka tiltrú á aðgang að matvælum á neyðartímum og stuðla að stöðugleika á tilteknum mörkuðum. Aukinna rannsóknar er þörf og byggja þarf upp hæfni og deila bestu venjum til að bæta fyrirkomulag neyðarbirgða. Hvaða aðgerðir sem ríkisstjórnir íhuga er alltaf mikilvægt að taka mið af heildarmynd þeirra stefnuúræða, áhættuþátta og hugsanlegra viðbragða sem beitt er.

Markaðsstuðningur (MPS) við landbúnaðarafurðir hefur klárlega reynst óskilvirkur í mörgum löndum í marga áratugi og hefur beiting þessa úrræðis farið minnkandi. Verðstuðningur felur ýmis merki á markaði fyrir framleiðendum, dregur úr stöðugleika heimsmarkaða og virkar sem skattur á fátæka með því að hækka verð til

neytenda. Hann hyglir einnig stórum framleiðendum og leiðir til þaulræktunar, sem getur haft neikvæð áhrif á umhverfið. Ávinningurinn af verðstuðningi er að stórum hluta eignfærður undir fastafjármunum (svo sem land og kvóti), sem eykur framleiðslukostnað með tímanum, eða er færður utan rekstrar bóndans. Slíkar aðgerðir ætti að meta með samanburði við aðra kosti sem valda minni röskun, svo sem við markvissan beinan tekjustuðning, fjárfestingu í umbótum í framleiðslu o.s.frv.

Ósamræmdar aðgerðir ríkja meðan á verðhækkuninum stóð á árunum 2006-08 juku á óstöðugleikann og hömluðu aðgangi að mörkuðum. Veita þarf meiri vissu fyrir óhindruðum aðgangi að birgðum á alþjóðavettvangi og auka tiltrú á starfsemi markaða. Þótt reynslan af alþjóðastarfi um birgðastýringu hafi ekki verið jákvæð þarf að kanna leiðir til að gera kostnað af innflutningi matvæla fyrirsjáanlegri.

Skipulegir markaðir með hrávörur hafa sannað gildi sitt sem gagnleg leið til að ákvarða verð og verjast áhættu sé eftirlit með þeim tilhlýðilegt og velta þeirra nægileg til að koma í veg fyrir einokunartilburði. Þeir hafa auðveldað markaðssetningu afurða í mörgum þróuðum löndum og vöxtur þeirra í þróunarlöndum er jákvæð þróun og merki um dýpkun markaða.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjölmörg útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)  
2 rue André-Pascal, 75116  
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights/](http://www.oecd.org/rights/)

